

**Mál nr. 184/2021****M og  
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Háholti í Hafnarfirði til móts við hús nr. 21 þann 20.4.2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V1, dags. 14.5.2021.
3. Bréf V2, dags 20.5.2021.

**Málsatvik.**

A var ekið út á Háholt frá bifreiðastæði við hús nr. 21. Í sömu andrá var B ekið eftir Háholti til vesturs og rakst framendi B í aftanverða hægri hlið A. Samkvæmt lögregluskýrslu er mikið sjáanlegt tjón sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Yfirborð götunnar er malbikað. Hámarkshraði á Háholti, þar sem áreksturinn varð, er samkvæmt lögregluskýrslu 30 km á klst. Af hálfu V1 var aflað sérstaks útreiknings samkvæmt svonefndu PC Crash forriti á hraða bifreiðanna þegar árekstur varð. Samkvæmt útreikningnum er hraði A sagður hafa verið 12 km á klst. og hraði B 38 km á klst. Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak út frá bifreiðastæðinu þegar hann taldi óhætt að fara út á veginn, en þá hafi mikið högg komið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30 km hraða á klst. Hann hafi blindast af sólinni þegar hann ók út götuna og hann hafi ekki orðið þess var að A hafi verið bakkað frá bifreiðastæðinu.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þá skal ökumaður samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laganna veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði. Þessa gætti ökumaður A ekki er hann ók út á akbrautina í veg fyrir B sem kom aðvífandi. Telst ökumaður A bera meginsök á árekstrinum.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að ökumaður B ók a.m.k. á hámarkshraða og hafði blindast af sól þannig að hann sá ekki til ferða A fyrir en árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga skal vegfarandi sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufla eða tefji umferð að óþörfu. Einnig skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Skal ökumaður þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna. Þá er tekið fram í b-lið 2. mgr. 26. gr. að sérstök skylda hvíli á öikumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs. Þessara ákvæða laganna gætti ökumaður B ekki og telst því eiga nokkra sök á því hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B beri 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B, ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.